

## Æviágrip

Fæddur í Reykjavík 19. desember 1967. Foreldrar: Þórður Sigurðsson (fæddur 16. október 1936) fyrrverandi yfirlögregluþjónn og Sonja Guðlaugsdóttir (fædd 12. júní 1936) sem rekur bókhaldsskrifstofu. Maki (12. maí 2001): Ágústa Johnson (fædd 2. desember 1963) framkvæmdastjóri. Foreldrar: Rafn Johnson og Hildigunnur Johnson. Börn: Þórður Ársæll Johnson (2002), Sonja Dís Johnson (2002). Börn Ágústu af fyrra hjónabandi: x Hrafnisdóttir (1991), Rafn Franklín Johnson Hrafnsson (1994).



Stúdentspróf MA 1987. BA-próf í stjórnmálafræði HÍ 1996.

Umboðsmaður Brunabótafélags Íslands 1988–1989. Sölumaður hjá Vátryggingafélagi Íslands 1989–1993. Kynningarstjóri hjá Fjárvangi 1996–1997. Framkvæmdastjóri Fíns miðils 1997–1998. Forstöðumaður hjá Fjárvangi/Frjálsa fjárfestingarbankanum 1998–2001. Forstöðumaður hjá tryggingadeild Búnaðarbanka Íslands 2001–2003. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 24. maí 2007 og heilbrigðisráðherra í ársbyrjun 2008 til 1. febrúar 2009.

Í skipulagsnefnd Borgarness og formaður umhverfisnefndar Borgarness 1990–1994. Í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna 1987–1997, ritari 1987–1989, varaformaður 1989–1993, formaður 1993–1997. Í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins 1991–1997 og framkvæmdastjórn Sjálfstæðisflokksins 1993–1997. Í stjórn DEMYC, Evrópusamtaka ungra hægri manna og kristilegra demókrata, 1997–2001. Í borgarstjórn Reykjavíkur 1998–2006. Í leikskólaráði Reykjavíkur 1998–2006. Í stjórn knattspyrnudeildar Vals 1998–1999. Í hafnarstjórn Reykjavíkur 1998–2000. Varaformaður IYDU, International Young Democrat Union, 1998–2002. Í umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur 1998–2002. Í fræðsluráði Reykjavíkur 2000–2002. Í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur 2002–2006. Í skipulagsnefnd Reykjavíkur 2002–2006. Í hverfisráði Grafarvogs síðan 2002. Í stjórn skipulagssjóðs Reykjavíkurborgar 2003–2006. Í stjórn Vímulausrar æsku 2002–2007. Í stjórn Neytendasamtakanna 2002–2004. Formaður Fjölnis 2003–2007.

Alþingismaður Reykjavíkurkjördæmis norður 2003–2009, alþingismaður Reykjavíkurkjördæmis suður 2009–2016, alþingismaður Reykjavíkurkjördæmis norður síðan 2016 (Sjálfstæðisflokkur).

Varaþingmaður Vesturlands febrúar–mars 1997, maí–júní og október–nóvember 1998 (Sjálfstæðisflokkur).

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 2007–2008, heilbrigðisráðherra 2008–2009.

Formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins síðan 2016.

Félagsmálanefnd 2003–2006, sjávarútvegsnefnd 2003–2007, umhverfisnefnd 2003–2007 (formaður 2004–2007), heilbrigðisnefnd 2009–2011, viðskiptanefnd 2009–

2011, efnahags- og viðskiptanefnd 2011–2013, fjárlaganefnd 2013–,  
utanríkismálanefnd 2013–2014.

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA 2003–2007 (formaður), Íslandsdeild  
þingmannanefnda EFTA og EES 2013–2016 (formaður), þingmannanefnd Íslands og  
ESB 2013–2016 (formaður).